		Síðast uppfært 28.11.2024	
Kennsla og ólíkar brautir	**Þjónustustig**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	**Hlekkir**
Bóknám - Stúdentsbrautir	1	Stúdentsbraut bóknámslínur eru Alþjóðalína,Félagsgreinalína,Íþróttalína, Náttúrufræðilína,Opin lína og Viðskipta- og hagfræðilína.	https://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/namsbrautir-ny-namskra
Verknám	1	Í skólanum er fjölbreytt úrval iðn- og starfsnáms s.s. hársnyrtiiðn, grunnnám matvæla- og ferðagreina,húsasmíðabraut, rafvirkjabraut,sjúkraliðabraut, vélvirkjabraut og pípulagningabraut en sú braut er aðeins kennd í kvöldskóla. Þá eru einnig í boði leiðir eins og hestamennska, íþróttalína, búfræðilína og listalína.	https://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/namsbrautir-ny-namskra
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	Námið er ætlað nemendum sem vilja ljúka stúdentsprófi að loknu námi eða samhliða námi á verk- eða starfsnámsbraut : Húsasmíðabraut, rafvirkjun, sjúkraliðabraut, skrúðgarðyrkjubraut, vélvirkjun.	https://www.fsu.is/is/moya/page/opin-fjolgreina-studentsbraut-st2
Íþróttaakademíur	1	Handbolta- fimleika- frjálsíþrótta- knattspyrnu- og körfuboltaakademíur eru starfræktar í skólanum. Í akademíunum eru íþróttaæfingar hjá úrvalsþjálfurum fléttaðar saman við nám á fjölmörgum námsbrautum. Nám í íþróttaakademíum er metið til allt að fimm valeininga á önn.	https://www.fsu.is/is/namid/akademiur
Garðyrkjuskólinn að Reykjum	1	Garðyrkja er kennd að Reykjum í Ölfusi en námið er bæði í boði í staðnámi og fjarnámi. Eftirfarandi brautir eru í boði: Blómaskreytingabraut,garð- og skógarplöntubraut,námsbraut skógar- og náttúru, námsbraut um lífræna ræktun matjurta, skrúðgarðyrkjubraut og ylræktarbraut.	https://www.fsu.is/is/namid/gardyrkjuskolinn-reykjum
Sérnámsbraut	1	Sérnámsbraut er fyrsta stigs þjónusta innan skólans þar sem veittur er sértækur stuðningur. Námið á sérnámsbraut er sniðið að þörfum nemenda sem notið hafa verulegrar sérkennslu í grunnskóla og þurfa sveigjanlegt, einstaklingsmiðað nám. Nemendur þurfa að hafa viðurkennd greiningargögn til að komast inn á brautina. Á brautinni starfa kennarar, sérkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar með ólíkan en dýrmætan bakgrunn. Þjónusta þroskaþjálfa, sérkennara og stuðningsfulltrúa einskorðast við starfsemi sérnámsbrautar. Til að auðvelda tilfærslu milli skólastiga og tryggja að upplýsingar berist er haldinn fundur með nemanda og forráðamanni að loknum umsóknarfresti og áður en skólaganga hefst. Þar er farið yfir hvað tekur við, upplýsingum miðlað og skólinn skoðaður. Þær upplýsingar eru svo nýttar til að skipuleggja stuðning út frá þörfum hvers og eins. Fundað er a.m.k. einu sinni á önn með nemanda og forráðanni. Nemendur og forráðamenn geta ávallt leitað til starfsfólks, stoðþjónustu og sviðsstjóra sérnámsbrautar ef þurfa þykir. Skólinn leggur áherslu á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir hverju sinni.	https://www.fsu.is/is/moya/page/starfsbraut-ny
Grunnmenntabrú	1	Nám á grunnmenntabrú er ætlað nemendum sem hafa ekki náð fullnægjandi námsárangri (einkunn D) í einni eða fleiri kjarnagreinum grunnskóla (íslensku, ensku og stærðfræði). Markmið náms á brautinni er að nemendur ljúki upprifjunaráföngum í kjarnagreinum en að þeim loknum uppfylla þeir inntökuskilyrði á allar námsbrautir skólans. Sérstaða grunnmenntabrúar er aukið utanumhald við nemendur, heimanámsaðstoð tvisvar í viku á skólatíma og reglulegt samráð við forráðamenn. Nemendur fá kennslu í námstækni- og starfsfræðslu, þar sem mikil áhersla er lögð á sjálfsþekkingu og sjálfsstyrkingu þeirra.	https://www.fsu.is/is/moya/page/grunnmenntabru
Kennsla í fangelsum	1	Kennarar skólans sjá um staðkennslu á Litla Hrauni og Sogni en einnig hefur verið boðið upp á fjarnám frá skólanum fyrir hluta nemendahópsins. Gylfi Þorkelsson er kennslustjóri á Litla Hrauni.	
Viðbótarupplýsingar um nám í Fsu	1	Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur í boði mjög fjölbreytt námsframboð þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Til viðbótar við ofangreint býður skólinn upp á ýmsar útfærslur s.s. styttri námsbrautir sem nemandi lýkur með 90 e framhaldsskólaprófi. Þessi leið getur opnað möguleika á frekara námi í öðrum skólum s.s. í einkaþjálfaranám, leikskólaliðanám og nám á háskólabrú við aðra skóla.	
Stoðþjónusta sem allir eiga rétt á	**Þjónustustig**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	**Hlekkir**
Náms- og starfsráðgjafi	1	Agnes, Anna Fríða og Bjarney eru námsráðgjafar skólans. Einnig er náms- og starfsráðgjafi í fangelsum og sinnir Klara Guðbrandsdóttir því starfi.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/nams-og-starfsradgjof
Skólafélagsráðgjafi	1	Halla Dröfn er félgagsráðgjafi skólans. Inná eftirfarandi slóð má finna upplýsingar um úrræði sem skólafélagsráðgjafi býður uppá.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/felagsradgjof
Skólahjúkrunarfræðingur	1	Sigríður Einarsdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans. Inná eftirfarandi slóð má finna upplýsingar um úrræði sem skólahjúkrunarfræðingur býður uppá.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/hjukrunarfraedingur
Nemendaþjónusta sem allir eiga rétt á	**Þjónustustig**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	
Bókasafn	1	Á bókasafni skólans starfa tveir bókasafnsfræðingar og bókavörður sem veita alhliða bókasafnsþjónustu s.s. aðstoð við heimildaleit og verkefnavinnu. Á safninu er einnig góð aðstaða til að vinna verkefni og fartölvur lánaðar til afnota innan skólans sem hefur komið mörgum nemendum vel. Það er mjög fjölbreytt efni til á safninu um allt milli himins og jarðar.	
Tölvuþjónusta	1	Hægt er að leita eftir tölvuþjónustu í stofu 306b eða á bókasafn s.s. við að búa til nýtt aðgangsorð að office365 . Þegar tölva eða forrit vinnur ekki sem skildi er nauðsynlegt að endurræsa tölvu áður en þjónustubeiðni er gerð. Á eftirfarandi slóð má finna þjónustubeiðni https://www.fsu.is/is/thjonusta/tolvuthjonusta/thjonustubeidni en einnig er hægt að leita til tölvuþjónustu í stofu 306b með vandamál. Magnús Stephensen hefur umsjón með tölvuþjónustu. Sjá nánar á eftirfarandi slóð.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/tolvuthjonusta
Skrifstofa	1	Inga skrifstofustjóri og Helga Dögg skólaritari taka á móti nemendum og forsjáraðilum í móttöku skólans. Það er erfitt að tilgreina alla þá þjónustu sem þær veita en treysta má því að Inga og Helga Dögg taka vel á móti öllum sem til þeirra leita. Þær veita almennar upplýsingar og leibeiðna gjaranan nemendum um hvert best er að leita til að fá viðeigandi þjónustu innan skólans. Þær halda utan um samþykktir á veikindasrkáningum. Nemendur leita til þeirra með erindi af ýmsu tagi.	
Mötuneyti	1	Mötuneytið er opið frá kl. 08:00 - 13:30. Boðið er upp á hafragraut frá kl. 8:00 - 10.00. Nemendur eiga kost á að kaupa smurt brauð,ávexti, safa og mjólkurvörur.Hádegisverður er afgreiddur frá kl. 11:45 - 13. Í matsal eru örbylgjuofn og samlokugrill, sem nemendur hafa frjálsan aðgang að.	
Húsvörður	1	Húsverðir skólans eru til taks bæði fyrir nemendur og starfsfólk og hægt að leita til þeirra með ýmislegt, þeir aðstoða nemendur, passa að búnaður sé í lagi, passa upp á að það sé greiðfært að skólanum og sinna viðhaldi. Karl Hoffrits húsvörður og Jóhann Sakarías eru í Odda en vaktmenn eru einnig til taks í Iðu.	
Dæmi um aðra þjónustu	**Þjónustustig**	**Dæmi um útfærslu þjónustu og hvar hana er að finna**	
Fartölva til eigin nota innan skólans	1	Bókasafn	
Námsver - námsaðstoð fyrir alla		Hlutverk námsvers er þjónusta og aðstoð við nemendur þar sem nemendur geta fengið stuðning við heimanám t.d. stærðfræði, ritgerðavinnu o.fl. Sérstakur stuðningur er fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig er hægt að fá aðstoð við próftöku. Til að byrja með er opið 4x í viku Námsverið er staðsett í stofu 210.Kennarar í námsveri eru Klara Guðbrandsdóttir, stærðfræðikennari og náms- og starfsráðgjafi, klara@fsu.is. og Magnús Másson stærðfræðikennari magnus@fsu.is Námsverið verður í boði á eftirfarandi tímum:Þriðjudaga kl. 8:15 - 9:10 Miðvikudaga kl. 13:15 - 14:05 Fimmtudaga kl. 10:20 - 11:10 og Fimmtudaga kl. 11:15 - 12:10	https://www.fsu.is/is/moya/page/namsver
Lestrarskimun	1	Skólinn býður upp á innanhúss lestrarskimun fyrir nemendur sem grunar að þeir séu með lestrarerfiðleika en hafa ekki fengið greiningu. Skimun sem þessi getur veitt aðgengi að sértækri þjónustu sem gagnast nemendum með lestrarerfiðleika. Skimunin er ekki hugsuð sem fullgild greining fyrir utan skólann en veitir rétt til stuðnings sem getur gangnast í námi við skólann. Sigrún Þorkellsdóttir sérkennari sinnir þessum skimunum en beiðni þarf að fara í gegnum námsráðgjafa.	
Viðtalstímar kennara	1	Allir kennarar skólans bjóða upp á viðtalstíma einu sinni í viku. Þar geta nemendur rætt stöðu í námi, auka aðstoð eða annað sem þeir vilja ræða. Tímatöflu kennara má finna á eftirfarandi slóð.	https://www.fsu.is/is/um-skolann/starfsfolk/vidtalstimar-kennara
Stuðningur í stærðfræði 1* í viku	1	Stendur öllum til boða og er í lok dags á miðvikudögum og skarast því ekki á við aðrar kennslustundir.	
Félagsfærnisögur	1	Félagsfærnisögur eru stuttar sögur sem geta hjálpað ungmenni í ýmsum aðstæðum. Hrönn Þroskaþjálfi á sérnámsbraut hefur útbúið félagsfærnisögur í tengslum við uppbrot á skólastarfi s.s. skólaball, káta daga og fróafár. Þetta hefur mælst vel fyrir en sögurnar geta minnkað kvíða fyrir ákveðnum aðstæðum og aukið fyrirsjánleika. Jafnvel þótt þjónusta Þroskaþjálfa einskorðist við sérnámsbraut eru sögurnar birtar á miðlum skólans og geta því nýst breiðari hópi.	
Skólamáltíðir	1	Mötuneytið er opið frá kl. 08:00 - 13:30. Boðið er upp á hafragraut frá kl. 8:00 - 10.00. Nemendur eiga kost á að kaupa smurt brauð,ávexti, safa og mjólkurvörur.Hádegisverður er afgreiddur frá kl. 11:45 - 13. Í matsal eru örbylgjuofn og samlokugrill, sem nemendur hafa frjálsan aðgang að.	
Skólaakstur	1	Nú stendur nemendum til boða að kaupa nemakort með landsbyggðarvögnum Strætó á Suðurlandi. Kortin gilda í 6 mánuði frá því þau eru keypt.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/skrifstofa/skolaakstur
Heimavist	1	FSu rekur heimavist að Austurvegi 28 á Selfossi, efri hæð. Það tekur 5 mínútur að ganga þaðan í skólann. Þeir nemendur sem ganga fyrir á heimavist eru nemendur yngri en 18 ára, sem búa á Suðurlandi en geta ekki nýtt almenningssamgöngur í skólann daglega.	https://www.fsu.is/is/thjonusta/skrifstofa/heimavist-fsu
Nafnabreyting í INNU	1	Nemendaráðgjöf skólans hefur útbúið verkferil og leiðarvísi um nafnabreytingu INNU. Í anda laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 hafa nemendur sem náð hafa 15 ára aldri sjálfræði um skráningu í Innu að því gefnu að viðkomandi skóli samþykki það. Einstaklingur á bilinu 16-18 ára getur þannig óskað eftir nafnabreytingu í kerfum skólans án aðkomu forráðamanna og án þess að nafn og kyn viðkomandi í þjóðskrá hafi verði breytt. Ef nemandi yngri en 18 ára óskar eftir nafnabreytingu í INNU eru forsjáraðilar upplýstir um skriflega beiðni um nafnabreytingu og þeim og ungmenni gefinn kostur á frekara samtali við skólann.	
Bragi	1	Bragi er umsjónartími fyrir nýnema, kenndur einu sinni í viku fyrstu tvær annirnar. Tímarnir miða að því að efla samkennd nemenda og kenna þeim á innra kerfi skólans, s.s. námskerfi og þjónustu, sem og eigin ábyrgð á námi. Í Braga eru nemendaviðtöl þar sem nemandi getur rætt við sinn umsjónarkennara um líðan og námsgengi.	
Nemendur af erlendum uppruna (ÍSANxxx05)	1	Nemendum með annað móðurmál en íslensku býðst að taka áfangakeðjuna ÍSANxxx05 (íslenska sem annað móðurmál) í stað hefðbundinna íslenskuáfanga. Þeir raðast inn í áfangana í samræmi við stöðu sína við innritun (samkv. upplýsingum frá grunnskóla eða stöðumati). Þeir nemendur sem eiga stutta eða enga skólagöngu að baki á Íslandi og litla íslenskukunnáttu, eru skráðir í tvo ÍSAN áfanga fyrstu tvær annirnar; bóknámsáfanga (lesskilning, málnotkun og ritun) og taláfanga. Til að lágmarka hættu á fléttaslegri einangrun blandast nemendur af erlendum uppruna inn í almenna áfanga í öðrum námsgreinum. Öllum nemendum sem hafa fjölmenningarlegan bakgrunn býðst móttökuviðtal áður en þeir hefja nám við skólann. Sigþrúður Harðardóttir hefur umsjón með nemendum af erlendum uppruna. Sigþrúður býður jafnframt upp á heimanámsaðstoð fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað mál óháð því hvort þau þurfi Ísan áfanga.	
Teymi	**Þjónustustig**	**Hlutverk teyma**	
EKKO teymi	1	Fjögurra manna teymi sem kemur að viðbragði við EKKO málum. Skólafélagsráðgjafi leiðir teymið og ber ábyrgð á vinnslu EKKO máls í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa skólans.	
Jafnréttisteymi	1	Hlutverk teymisins er að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan skólans, vinna að og vekja athygli á jafnréttismálum. Eva Dögg Jafetsdóttir leiðir teymið en í teyminu sitja jafnframt Agnes Ósk Snorradóttir og Eyrún Magnúsdóttir.	
Áfallateymi	1	Í skólanum er starfrækt áfallateymi. Í því sitja skólastjórnendur, náms- og starfsráðgjafar og skólafélagsráðgjafi. Á eftirfarandi slóð má finna viðbrögð skólans við andláti/alvarlegum slysum.	https://www.fsu.is/is/moya/page/vidbrogd-vid-afollum-1
Neyðarstjórn		Í neyðarstjórn Fjölbrautaskóla Suðurlands sitja: Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, hús- og öryggisvörður, skrifstofustjóri, fréttastjóri, náms- og starfsráðgjafi og kerfisstjóri. Hlutverk neyðarstjórnar er að bregðast við eftirfarandi: s.s. ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum og efnaslysum en neyðarstjórn vinnur eftir viðbragðsáætlun skólans.	
Stuðningsteymi	2	Teymið er vettvangur þar sem þjónustuveitendur og eftir atvikum þeir sem veita tilteknu barni almenna þjónustu eiga samstarf um samþættingu þjónustunnar. Stuðningsteymi gerir stuðningsáætlun og fylgir henni eftir. Aðilar að stuðningsteymi geta t.d. verið skóli, félagsþjónusta og heilsugæsla.	
Stuðningsteymi	3	Teymið er vettvangur þar sem þjónustuveitendur og eftir atvikum þeir sem veita tilteknu barni almenna þjónustu eiga samstarf um samþættingu þjónustunnar. Stuðningsteymi gerir stuðningsáætlun og fylgir henni eftir. Aðilar að stuðningsteymi geta t.d. verið skóli, barnavernd og heilsugæsla.	
Heilsueflandi framhaldsskóli	1	Heilsueflandi framhaldsskóli er heildræn nálgun á vegum embættis landlæknis sem hefur það að markmiði að stuðla að betri heilsu og vellíðan fólks. Sverrir G. Ingibjartsson stýrir vinnunni.	
Samstarf skólans við ýmsa aðila	**Þjónustustig**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	
Kópurinn frístundaklúbbur	2	Kópurinn er frístundaklúbbur ætlaður nemendum á sérnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurlands upp að 18 ára aldri. Megináhersla er lögð á að skapa öruggt umhverfi þar sem ungmenni geta hist og tekið þátt í öflugu frístundastarfi með það að markmiði að efla félagsþroska og félagsfærni. Skólinn og Kópurinn leggja áherslu á að samræma starfið svo ungmennið fái sem besta þjónustu. Þetta getur falið í sér sameiginlega teymisfundi þar sem áhersla er á að samræma vinnuna, í átt að sameiginlegum markmiðum, ávallt í samvinnu við foreldra og félagsþjónustu.	
Vallholt 27 - Heimili	2	Vallholt 27 - Heimili fyrir börn með fjölþættan vanda búsett á Suðurlandi. Skólinn og Vallholtið eiga gjarnan í samstarfi og leggja þá áherslu á að samræma starfið svo ungmennið fái sem besta þjónustu. Þetta getur falið í sér sameiginlega teymisfundi þar sem áhersla er á að samræma vinnuna, í átt að sameiginlegum markmiðum, ávallt í samvinnu við foreldra og félagsþjónustu.	
Álftarimi 2- Skammtímavistun	2	Álftarimi er skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni á Suðurlandi. Skammtímavistunin léttir álagi af fjölskyldum fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Þar er áhersla lögð á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni, auka lífsgæði og sjálfstæði þeirra sem þar eru.Skólinn og Álftariminn eiga gjarnan í samstarfi og leggja þá áherslu á að samræma starfið svo ungmennið fái sem besta þjónustu.Þetta getur falið í sér sameiginlega teymisfundi þar sem áhersla er á að samræma vinnuna, í átt að sameiginlegum markmiðum, ávallt í samvinnu við foreldra og félagsþjónustu.	
Ráðgjafar- og greiningarstöð	2	Hefur veitt skólanum ráðgjöf í einstaka málum - ávallt í samvinnu við fjölskyldu og eftir atvikum í samvinnu við félagsþjónustu	
iðjuþjálfi Hsu	1	Hefur veitt skólanum ráðgjöf í einstaka málum - ávallt í samvinnu við fjölskyldu og félagsþjónustu	
Ferðaþjónusta fatlaðra	2	Ferðaþjónuta fatlaðra sér um að koma ákveðnum nemendum til og frá skóla og í frístundastarf. Bílstjórar fylgja nemendum í og úr skólabyggingu ef þörf er á. Mikilvægt er að skólinn upplýsi ferðaþjónustuna ef breytingar verða á fyrirkomulagi innan skólans og fái að sama skapi upplýsingar frá ferðaþjónustu um þeirra skipulag. Félagsþjónusta sveitarfélaganna ber ábyrgð á og heldur úti ferðaþjónustunni og sótt er um þjónustuna til þeirra.	
Samstarfs milli skóla nemendur með sérþarfir	2	Í sumum tilvikum er þessu fylgt eftir með yfirfærslufundi en í öðrum tilfellum sendir viðkomandi skóli eða félagsþjónusta gögnin og fylgir máli eftir með símtali.	
Samstarfs milli skóla samþætting 1.stig	1	Tengiliðir grunnskóla bera ábyrgð á því að fylgja máli eftir þ.e. flytja upplýsingar á milli þegar barn flyst upp á milli skólastiga. Tengiliður Fsu á í samskiptum við tengilið grunnskóla í þessum málum og hefur framangreindu oftast verið fylgt eftir á yfirfærslufundi, sem grunnskólinn boðar til, en í öðrum tilvikum með því að senda gögn og fylgja máli eftir með símtali.	
Málefni ungmenna af erlendum uppruna	2	Sigþrúður Harðardóttir hefur umsjón með nemendum af erlendum uppruna og á í reglulegum samskiptum við Fjölmenningarteymi Árborgar en einnig aðra þá er fara með málefni fólks af erlendum uppruna. Ráðgjafar skólans eiga einnig í samskiptum við framangreinda með það fyrir augum að styðja við einstaklingana.	
Frístundahús Árborgar (Pakkhúsið)	1	Pakkhúsið sem er ungmennahús fyrir 16-25 ára. Skólinn hefur verið í reglulegum samskiptum við starfsmenn/forstöðumann frístundamála í tengslum við viðburði s.s. sérstaka hinsegin opnum í Pakkhúsinu en einnig í skólanum.	
Vinnumálastofnun	2	Skólinn hefur verið í samskiptum við vinnumálastofnun í tengslum við málefni ungra atvinnuleitenda. IPS er einstaklingsbundinn stuðningur sem VMS veit ungum atvinnuleitendum, oft ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu s.s. flóknar félagslegar aðstæður eða annað. AMS er svo úrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og eru á örorku eða í endurhæfingu og þurfa aðlgað starf og stuðning. Framangreind þjónusta vinnumálastofnunar er aðallega fyrir 18 ára og eldri en VMS hefur veitt stuðning og ráðgjöf í málefnum yngri nemenda einnig.	
Sjálfstætt starfandi fagaðilar		Ráðgjafar skólans hafa í ákveðnum tilvikum átt í samvinnu við sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem veita ungmenni þjónustu. Það er gert með samþykki barns og forsjáraðila, gjarnan í samþættum málum, með það fyrir augun að samræma vinnubrögð barninu til heilla.	
Lögreglan	2	Skólinn á í samskiptum við lögregluna í tengslum við skipulag forvarna en einnig til að fá ráðgjöf í einstaka málum. Þá hefur reynt á samstarf við lögregluna í samþættum málum einstaka nemanda á 1.2 eða 3 stigi.	
Fósturheimili á vegum barnaverndaryfirvalda	3	Ýmsar áskoranir geta komið upp hjá börnum sem vistuð eru utan heimilis. Skólinn leggur áherslu á góða samvinnu við fósturheimili, barni til heilla.	
Öruggara Suðurland	1, 2 og 3	Öruggara Suðurland er verkefni sem lögreglan á svæðinu stendur fyrir í samstarfi við sveitarfélögin. Tilgangurinn er að móta aðgerðaáætlun til að vinna gegn ofbeldi. Fundir eru haldnir hálfsmánaðarlega á Teams en þar sitja fulltrúar sveitarfélaga, skóla, heilsugæslu og lögreglu. Mjög mikilvægur vettvangur til að greina stöðuna á svæðinu og samræma vinnubrögð.	
Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)	2. og 3.	Samvinna í málum barna sem njóta þjónustu BUGL	
Þjónusta sem nemendur geta sótt utan sk	**Þjónustustig**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	
þjónusta utan skólans		Upplýsingar um þjónustu utan skóla má finna á eftirfarandi slóð	Upplýsingarnar eru á heimasíðu skólans
Þrepaskiptur stuðningur	**þrep**	**Dæmi um þjónustuþætti:**	
Með nýjum lögum um þrepaskiptan stuðning í skólastarfi verður grunn- og fyrsta stigs þjónustu skólans þrepaskipt. Í hverju þrepi verður góð skilgreining á þeim skrefum sem tekin eru og hlutverki starfsfólks í því. Vinnan við þetta er			
Efni á heimasíðu skólans			
Almennt um farsældarþjónustu		https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/farsaeldarthjonusta	
Um þjónustu skólans - stigskipta farsældarþjónustu		https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/farsaeldarthjonusta/thjonusta-skolans	
	Hver fyllir út	Halla Dröfn Jónsdóttir í samstarfi við starfsfólk skólans	
	Stöðuheiti	Skólafélagsráðgjafi, tengiliður og verkefnastjóri farsældar	